

Niðurstöður vinnuhóps um hæfniramma í framhaldfræðslu

Hæfniramma fyrir nám og störf á Íslandi

Niðurstöður vinnuhóps skipuðum af mennta- og menningarmálaráðuneytinu 18. september 2013.

Vinnuhópur um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu var kallaður saman af mennta- og menningarmálaráðuneytinu 18. september 2013 eftir fund með þeim aðilum sem höfðu sent inn athugasemdir við 7 þrepa ramma sem birtist á vef ráðuneytisins¹. Athugasemdir sem bárust, snérust fyrst og fremst um fjölda þrepa og að ekki væri tekið nægjanlegt tillit til óformlegs náms. Óskað var eftir meira samráði við hagsmunaaðila utan formlega skólakerfisins til að tryggja sameiginlegt eignarhald og víðtæka notkun rammans.

Eftirtaldir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa í vinnuhópnum: SA, ASÍ, BSRB, FA, Kvasir/Leikn og Samband íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins vann með hópnum til maíloka 2014.

Hlutverk vinnuhópsins var að þróa almenn hæfniviðmið í framhaldsfræðslu, flokka þau á hæfniprep eftir þörfum og spegla þau inn í hæfniramma um íslenskt menntakerfi (þrep 1-4)². Hópnum var ætlað að skila inn greinargerð og skila fyrstu drögum 1. nóvember 2013. Strax í upphafi var ljóst að tímaramminn var alltof þröngur og það var rætt í hópnum (sbr. fundargerð dagsett 17. október 2014).

Hópurinn hefur fundað reglulega frá því 10. október 2013. Í viðaukum 1-4 má sjá gögn sem hópurinn hefur unnið að. Í viðauka 5 er fundargerð frá vinnudegi sem hópurinn stóð fyrir í maí 2014. Vinnudagurinn var haldinn til að draga saman helstu áherslur þeirra aðila sem eiga fulltrúa í vinnuhópnum.

Á fundi með fulltrúum vinnuhóps, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Rannís í janúar 2015 var ákveðið að hópurinn myndi skila af sér tillögum sem innihéldu megináherslur vinnuhópsins varðandi hæfnirammann. Á fundinum var rætt um að mikilvægt væri að niðurstaða næðist varðandi nálgun og uppbyggingu hæfniramma þó mögulega ætti eftir að útfæra í smáatriðum einstaka þætti.

Ef óskað er eftir gögnum eða nánari útskýringum á tillögum hópsins vinsamlega leitið til Höllu Valgeirsdóttur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

¹ sjá <http://www.menntamalaraduneyti.is/mentamal/haefniramma/>

² Sbr. tölvupóstur frá Ólafi Grétari Kristjánssyni hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu dagsettur 18. september 2013.

Niðurstöður og tillögur

Vinnuhópurinn leggur til eftirfarandi uppbyggingu og orðalag á fyrstu fimm þrepum íslenska hæfnirammans, þar sem fyrsta þrep íslenska hæfnirammans eins og hann hefur verið kynntur hefur verið skipt í tvö.

	NQF 1	NQF 2	NQF 3	NQF 4	NQF 5
Þekking	Býr yfir almennri grunnþekkingu ³ sem nýtist í starfi.	Býr yfir almennri þekkingu ⁴ á sínu starfssviði.	Býr yfir þekkingu á staðreyndum, ferlum og hugtökum á sínu starfssviði.	Býr yfir sérhæfðri og hagnýtri þekkingu á sínu starfssviði.	Býr yfir faglegri þekkingu sem nýtist í sérhæfðu starfi.
Leikni	Framkvæmir einföld, vel skilgreind og kunnugleg verkefni.	Framkvæmir og heldur utan um afmörkuð venjubundin verkefni.	Notar þekkingu á staðreyndum, ferlum og hugmyndum til að ljúka og halda utan um sérhæfð verkefni.	Framkvæmir, forgangsraðar, skipuleggur og tryggir aðföng við krefjandi aðstæður.	Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi, greinir aðstæður og bregst við á uppbyggilegan hátt.
Hæfni	Vinnur undir beinni stjórn í stöðugu umhverfi.	Vinnur undir stjórn annarra en með nokkru sjálfstæði í afmörkuðum verkþáttum. Áttar sig á eigin ábyrgð í starfi og veit hvar henni sleppir.	Tekur ábyrgð á að ljúka verkefnum og vinnur sjálfstætt eftir áætlunum.	Vinnur sjálfstætt, veitir ráðgjöf og skipuleggur faglega vinnu sem þróast og tekur breytingum.	Vinnur sjálfstætt, stýrir, samhæfir og tekur ábyrgð á mati og þróun.

Vinnuhópur um hæfniramma í framhaldsfræðslu leggst gegn hugmyndum um að íslenskur hæfniramminn innihaldi eitt þrep sem samsvari þrepum 1 og 2 í EQF. Með því að greina fyrsta þrepið í tvennt (sbr. EQF) telur hópurinn að skýrari samfella verði í uppbyggingu þrepa og hann rúmi fjölbreytt námslok (qualifications), óháð því hvar og hvernig hæfni hefur verið aflað. Því er lögð áhersla á að ramminn verði ekki með færri þrep en átta. Námslok í framhaldsfræðslu hafa hins vegar ekki verið skilgreind (sjá nánari umfjöllun í kaflanum um námslok).

Jafnframt er lögð áhersla á almennara orðalag á þrepalýsingum, sem styður við hæfniuppbyggingu einstaklinga á vinnumarkaði og getur náð yfir allt menntakerfi landsins, formlegt sem óformlegt. Breytingar á orðalagi í tillögu vinnuhópsins snúa að því að gera hann atvinnulífstengdari. Þannig nýtist ramminn betur til að auðvelda samtal um tengingu atvinnulífs og skóla.

Vinnuhópurinn telur að orðalagið í tillögum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sé of skólamiðað og tekið er undir athugasemdir í skýrslu *European Qualifications Framework Advisory Group*⁵ við tengiskýrslu⁶ Íslands þar sem komið er inn á að í lýsingum á þrepum 1 til 4 er lögð mikil áhersla á orðaforða nemenda og getu þeirra til að tjá sig munnlega. Í skýrslunni segir að í samanburði við skilgreiningu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á hæfniviðmiðum (learning outcomes) þar sem áherslan er á hvað einstaklingur veit, er fær um að gera og skilja, þá sé á einhvern hátt þrengri nálgun í þrepalýsingum í íslenska hæfnirammanum eins og hann birtist í tengiskýrslunni (The report on „Referencing the Icelandic National Qualifications Framework to the European Qualifications Framework“, 2014, bls. 3).

³ Almenn vísar til einhvers sem nær til allra, þess sem er algengt og sameiginlegt. Grunn vísar til undirstöðunnar (íslensk orðabók) Almenn grunnþekking er þá almennur grunnur sem allir þurfa að hafa.

⁴ Þrepið felur í sér þrepið á undan, almenn þekking er því meira en almenn grunnþekking, þ.e. vísar til þess sem nær til allra og þess sem er algengt og sameiginlegt en ekki bara til grunnsins.

⁵ Sjá upplýsingar hér <http://ec.europa.eu/transparency/regexpert/index.cfm?do=groupDetail.groupDetail&groupID=2107>

⁶ Á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins er einnig birt skýrsla um tengingu milli íslenska rammans og Evrópurammans (EQF). Tengiskýrslan byggir á þrepalýsingum eins og þær birtast í Aðalnámsskrá framhaldsskóla (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) og viðmiðum um æðri menntun og prófgráður (sjá <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=7fa0729e-dacc-47e3-b626-96efb036ef68>).

Fulltrúar atvinnulífs og aðilar á vinnumarkaði hafa, allt frá upphafi umræðna um íslenskan hæfniramma, lagt áherslu á að hæfniramminn stuðli að hreyfanleika á vinnumarkaði m.a. með samanburð milli landa í huga og til að tryggja betur að samræmi sé milli mismunandi námsloka og þarfa atvinnulífsins. En samkvæmt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er evrópski hæfniramminn (EQF) einmitt settur fram í því skyni að stuðla að hreyfanleika milli landa og hreyfanleika á vinnumarkaði en einnig til að stuðla að og styðja við ævimenntun (lifelong learning) (European Commission, 2008, bls. 3).

Í samtali hagsmunaaðila vinnumarkaðar og fulltrúa framhaldsfræðslu sem fór fram á vinnufundi 27. maí 2014 var lögð áhersla á:

- einfaldan og skýran ramma sem rúmar allt nám hvar sem það fer fram og hæfnikröfur allra starfa á Íslandi.
- að ramminn sé ekki útilokandi heldur rúmi hæfniuppbyggingu allra einstaklinga sem eru m.a. í markhópi framhaldsfræðslunnar.
- að í rammanum felist tækifæri til að styrkja samtal atvinnulífs og skóla.

Því má segja niðurstöður vinnufundarins og vinnuhópsins séu sambærilegar. Eftir frekari upplýsingaöflun, fundi vinnuhóps og samtal við helstu hagsmunaaðila framhaldsfræðslunnar er ljóst að fulltrúar atvinnulífsins hafa ekki breytt þeim áherslum sem komu fram í athugasemdum og sendar voru til ráðuneytisins í júní 2013.

Helstu rök fyrir niðurstöðu hópsins

Vinnuhópurinn vísar í eftirfarandi til að rökstyðja þessar tillögur og áherslur.

- Markmið laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu er m.a. að veita einstaklingum;
 - aukin tækifæri til virkar þátttöku í samfélaginu,
 - viðeigandi námstækifæri og að auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
 - tækifæri til að efla starfshæfni sína,
 - sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni.

Reynsla annarra þjóða sýnir að það er hvetjandi að nám þessara hópa rúmist innan NQF og sé þar sýnilegt þannig að einstaklingar sjái stíganda og framför. Til að vinna að markmiðum laga um framhaldsfræðslu er sundurliðun á neðsta þrepi íslenska rammans mikilvæg og kostirnir fleiri en hugsanlegir vankantar að mati vinnuhópsins.

- Fram kemur í Hvítbók mennta- og menningarmálaráðuneytisins að „[h]æfni öðlast menn þó ekki einungis í skólum. Þar er vissulega lagður mikilvægur grunnur en svo lengi lærir sem lifir, bæði í starfi og daglegu lífi. Því skiptir námshæfni miklu máli: Hæfnin til að geta lært alla ævi.“ (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 7). Vinnuhópurinn telur mikilvægt að uppbygging hæfniramma styðji við þessa hugmyndafræði.
- Lögð er áhersla á að nám innan framhaldsfræðslunnar þjóni atvinnulífinu eins og best verður á kosið. Hjá FA er verið að þróa aðferð við hæfnigreiningar þar sem niðurstaðan er starfaprófill sem inniheldur skilgreiningu starfs og lýsingu á þrepaskiptum hæfnikröfum vegna starfsins. Meðal annars hefur verið gerð greining á störfum innan smásöluverslunar. Í ljós hefur komið að störf þar spanna vítt svið og hæfnikröfur einföldustu starfanna skilgreinast á lægra þrepi en fyrsta þrep í íslenska rammanum eins og hann hefur verið kynntur.

- Hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur, í samstarfi við m.a. Vinnumálastofnun, verið unnið að skilgreiningu á almennri starfshæfni. Í þeirri vinnu kom fram mikilvægi þess að fyrsta þrepinu í íslenska sjö þrepa rammanum yrði skipt í tvennt. Ástæðan er að markhópurinn er fjölbreyttur og í íslensku samfélagi er lögð áhersla á að vinnumarkaðurinn sé opinn öllum, einnig þeim sem hafa ekki tök á að sinna nema mjög einföldum störfum og þeim sem sinna ýmsum störfum með stuðningi. Fyrir þennan hóp eins og alla aðra er mikilvægt að sjá skýran stíganda í sinni hæfniuppbyggingu og ævimenntun. Þegar er búið að framkvæma raunfærnimat á móti almennri starfshæfni og reyndist þörf fyrir lægra þrep en það fyrsta í sjö þrepa ramma.
- Í niðurstöðum rýnihópakönnunar Menntavísindastofnunar Háskóla Ísland á þátttöku í framhaldsfræðslu kemur fram að náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum hafi áhyggjur af hópi einstaklinga á aldrinum 18 til 25 ára sem hefur aldrei náð að spreyta sig á vinnumarkaði og kemst ekki inn á vinnumarkaðinn. Þeir benda á að það sé nýtt á Íslandi að þannig hópur myndist (Menntavísindastofnun HÍ, 2014, bls. 4).). Gera má ráð fyrir að starfshæfni einhverra í þeim hópi sé takmörkuð og að hefja þurfi hæfniuppbyggingu með námi/þjálfun sem mundi skilgreinast á lægra þrep en því fyrsta í sjö þrepa ramma eins og hann hefur verið kynntur.
- Til að mæta ólíkum þörfum markhópsins hafa verið gefnar út námsskrár eins og Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun⁷, Aftur í nám⁸ og Að lesa og skrifa á íslensku⁹. Í þessum námsskrám er að mestu verið að vinna með hæfni í almennum bóklegum greinum og grunnleikni. Allar þessar námsskrár munu raðast á hæfniþrep 1 samkvæmt sjö þrepa ramma sem nú þegar hefur verið kynntur þrátt fyrir að gera mjög ólíkar kröfur til námsmanna um þekkingu, leikni og hæfni að námi loknu. Stígandi á milli námsskráa (og námsloka tengdum þeim) verður því óljós og ómarkviss.
- Í skýrslu EQF Advisory Group við tengiskýrslu Íslands kemur fram að þar sem fyrsta þrepið sé tengt bæði við þrep 1 og 2 í EQF náí það yfir mjög vítt svið þekkingar (knowledge), leikni (skills) og hæfni (competence). Jafnframt kemur fram að ekki er alveg ljóst hvert hlutverk fyrsta þrepsins í rammanum sé og hvaða áhrif það muni hafa á viðurkenningar á námi (The report on „Referencing the Icelandic National Qualifications Framework to the European Qualifications Framework, 2014, bls. 3).
- Í tengiskýrslu Bretlands þar sem breski ramminn er tengdur við evrópska rammann er í raun gengið lengra en þar er bent á að Evrópuramminn hafi ekki inngangsþrep eins og breski ramminn. Í skýrslunni kemur fram að lögð er mikil áhersla á þessi þrep þar sem þau styðji þá námsmenn sem skorta grunnleikni á einhvern hátt og sem hafa lítið sjálfstraust. Í þessu samhengi er lagt til að EQF Advisory Group skoði hvernig árangur á þessum þrepum sér viðurkenndur (Referencing the Qualifications Frameworks of the United Kingdom to the European Qualifications Framework, 2010, bls. 22).
- Í erindi Ana Carla Pereira (2014) á ráðstefnu um EQF í Hörpu í september 2014 kom fram að evrópski hæfniramminn eigi að auka gegnsæi og samanburðarmöguleika á námslokum í allri Evrópu til að stuðla að hreyfanleika í tengslum við nám og störf og til að gera ævimenntun að raunverulegum möguleika fyrir alla þegna samfélagsins.
- Í Briefing note Cedefop frá því í nóvember 2014 kemur fram að æ fleiri þjóðir séu farnar að gefa „external qualifications“ sem veittar eru innan óformlega kerfisins og í einkageiranum meiri athygli. Þar kemur jafnframt fram að það að opna rammann á þennan hátt eykur ekki einungis gegnsæi hans heldur styrkir líka tenginguna milli náms og þjálfunar sem á sér stað innan formlega kerfisins og fyrir utan það (óformlega kerfið). Einnig kemur fram að áframhaldandi árangur NQF veltur að stórum hluta á því hvort lítið verði á rammann sem eitthvað sem skiptir máli fyrir utan hið formlega kerfi (CEDEFOP, 2014, bls. 3).

⁷ sjá http://www.frae.is/files/Skref_til_sj%C3%A1lfshj%C3%A1par2008_1081252520.pdf

⁸ Sjá http://www.frae.is/files/AfturNamBlatt_420469984.pdf

⁹ sjá http://www.frae.is/media/62085/Ad-lesa-og-skrifa-a-islensku-desember-2013_290277544.pdf

Námslok

Það er skilningur vinnuhópsins að hæfniramminn eiga að nýtast til að viðurkenna nám, greiða fyrir frekara aðgengi að námi, hvetja til náms, stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku, samfélaginu til heilla. Brýnt er að sátt náist um námslok utan formlega skólakerfisins og innan framhaldsfræðslukerfisins og að sú aðferðafræði verði vel kynnt og samræmd. Það hvernig við lærum breytist hratt og til staðar þarf að vera samræmt matsform og aðferðafræði til að viðurkenna að nám hefur átt sér stað, hvernig sem það er stundað eða hvar.

Vinna við móttöku hugmynda um skilgreind námslok í framhaldsfræðslu er hafin hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem og hjá vinnuhópnum. Gengið er út frá skilgreiningu Evrópusambandsins á námslokum (qualifications). Þar segir að **námslok séu formleg niðurstaða af mati og vottunarferli sem fæst þegar til þess bær aðili ákveður að einstaklingur hafi náð hæfniviðmiðum samkvæmt skilgreindum stöðlum** (Recommendations, European Parliament and Council, 2008, bls. 4).

Í tillögum FA um nýskipan náms sem unnið var í tilraunaverkefni SAF, SGS og FA í ferðaþjónustu er lagt til að að til verði þrennskonar námslok í framhaldsfræðslu:

- stutt starfstengd námslok – hagnýtur undirbúningur fyrir starf,
- starfstengd námslok á þrepi – fyrir styrkari stöðu á vinnumarkaði,
- námslok á þrepi – til undirbúnings frekara námi í formlega skólakerfinu

(Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2013, bls. 7-8 sjá, viðauka 6)¹⁰.

Í þessari vinnu hefur meðal annars verið horft til Írlands þar sem hæfniramminn hefur fest sig í sessi. Í írsku rammanum, sem er 10 þrep, eru fyrstu tvö þrepin tengd við þrep 1 í evrópska rammanum¹¹. Í tengiskýrslu Írlands kemur fram að fyrstu tvö þrepin í írsku rammanum séu hönnuð til að mæta þörfum námsmanna, bæði yngra og eldra fólks, fólks með skerta starfsgetu, fullorðinna sem eru að snúa aftur í nám og námsmanna með fá eða engin námslok að baki og einstaklinga á vinnumarkaði (Referencing of the Irish National Framework of Qualifications (NFQ) to the European Qualifications Framework for Lifelong Learning (EQF), 2009, bls. 25). Á Írlandi eru til mismunandi tegundir námsloka á öllum þrepum enda er írsku hæfnirammanum ætlað að ná yfir allt menntakerfið¹². Finna má dæmi um námslok á 1. og 2. þrepi í írsku rammanum sem eru í takt við þá þróun sem hagsmunaaðilar framhaldsfræðslunnar hér á landi sjá fyrir sér.

Tillaga vinnuhópsins byggir á þeirri hugmynd að hæfniramminn eigi ekki að útiloka og því er mikilvægt að til séu mismunandi námslok sem geta byggt hvert á öðru og ná yfir grunnþjálfun, grunnleikni og almenna starfshæfni. Til að vinna að námslokum þarf gott og víðtækt samstarf vinnumarkaðsins, alls menntakerfisins og ríkisins þannig að traust ríki.

¹⁰ Í vinnu FA með þessar tillögur hafa þær þróast og að einhverju leyti tekið breytingum þó ekki megináherslur varðandi námslok.

¹¹ Sjá [https://ec.europa.eu/ploteus/en/compare?field_location_selection_tid\[\]=452](https://ec.europa.eu/ploteus/en/compare?field_location_selection_tid[]=452)

¹² Sjá <http://www.qqi.ie/Pages/National-Framework-of-Qualifications-%28NFQ%29.aspx>

Að lokum

Eins og áður segir hefur vinnuhópurinn unnið að tillögum að endurgerð á íslenska hæfniramma og tillögur og rök eru lögð fram hér í þessari skýrslu. Mikilvægt er að íslenski hæfniramminn stuðli að viðurkenningu náms, greiði fyrir frekara aðgengi að námi, hvetji til náms, stuðli að jafnrétti og virkri þátttöku, samfélaginu til heilla. Jafnframt er mikilvægt að hann stuðli að því að þörfum atvinnulífsins sé mætt og að hann geti auðveldað hreyfanleika á vinnumarkaði sem og hreyfanleika milli landa.

Ítrekað er að niðurstöður vinnuhóps og niðurstöður vinnufundar með hagsmunaaðilum eru þær sömu. Þörf er á einföldum skýrum ramma sem rúmar allt nám og hæfniröfur allra starfa á Íslandi. Í ramma þarf að felast tækifæri til að styrkja samtál atvinnulífs og skóla og að hann rúmi hæfniuppbyggingu allra einstaklinga í markhópi framhaldsfræðslunnar.

Það er því okkar von að ráðuneyti mennta – og menningarmála vinni í samráði við hagsmunaaðila að nánari útfærslu með tillögur vinnuhópsins að leiðarljósi. Mikilvægt er að breið sátt náist um uppbyggingu hæfnirammans.

3. febrúar 2015.

Fyrir hönd vinnuhóps um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu,



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Eyrún Valsdóttir

Hulda Anna Arnljótsdóttir



Katrín Friðriksdóttir

HILDUR BETTY KR.
Hildur Betty Kristjánsdóttir

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir

Gögn sem vísað er í

European Commission, (2008). *Explaining the European Qualifications Framework for Lifelong Learning*. Sótt 16. janúar 2015 af, http://ec.europa.eu/ploteus/sites/eac-eqf/files/brochexp_en.pdf

Referencing the Qualifications Frameworks of the United Kingdom to the European Qualifications Framework, (2010). Sótt 16. janúar 2015 af, http://www.eqf-ref.eu/index.php?option=com_content&view=article&id=4&Itemid=7

The report on „Referencing the Icelandic National Qualifications Framework to the European Qualifications Framework“, (2014). Afhent vinnufundi um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu í maí 2014.

Recommendations, European Parliament Council, (2008). *Recommendation of the European Parliament and of the Council of 23 April 2008 on the establishment of the European Qualifications Framework for lifelong learning*. Sótt 28. janúar af, <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32008H0506%2801%29&from=EN>

CEDEFOP (2014). *Qualifications frameworks: expanding influence, persisting obstacles*. Sótt 28. janúar 2015 af, <http://www.cedefop.europa.eu/en/publications-and-resources/publications/9091>

Referencing of the Irish National Framework of Qualifications (NFQ) to the European Qualifications Framework for Lifelong Learning (EQF), (2009). Sótt 28. janúar 2015 af, <http://www.qqi.ie/Documents/Referencing%20Irish%20NFQ%20to%20the%20European%20QF%20for%20Lifelong%20Learning.pdf>

Ana Carla Pereira (2014). Erindi flutt á rástefnunni *Aukinn sýnileiki náms á Norðurlöndum* í Hörpu í september 2014. Sótt 16. janúar 2015 af, http://eqf2014.yourhost.is/images/Ana_Carla_Pereira.pdf

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (2013). *Tilraunaverkefni SAF og SGS vegna náms í ferðaþjónustu. Niðurstöður starfshóps vegna námshönnunar*. Óútgefið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2014). *Hvítbók, um umbætur í menntun*. Sótt 19. janúar 2015 af, http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands (2014). *Viðhorf til þátttöku í námi á fullorðinsárum. Niðurstöður úr rýnihópum*. Sótt 26. janúar 2015 af, <http://www.frae.is/media/63790/Vidhorf-til-thatttoeku-i-nami-a-fullordinsarum.pdf>.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011). *Aðalnámsskrá framhaldsskóla. Almenntur hluti*.

Vinnuhópur um hæfniramma í framhaldsfræðslu (2014). *Fundargerð frá 17. október, 2014*.

Önnur gögn

The Scottish Credit and Qualification Framework. Sótt 19. janúar 2015 af, <http://scqf.org.uk/>

International Labour Office (ILO), Skills and Employment Department, (2007). *An Introductory Guide to National Qualifications Frameworks: Conceptual and Practical Issues for Policy Makers*. Sótt 16. janúar 2015 af, http://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/@ed_emp/@ifp_skills/documents/instructionalmaterial/wcms_103623.pdf

DAMVAD A/S (2013). *Kompetanser utenfor det formelle utdanningssystemet; nesten det samme, men ikke helt? Med utgangspunkt i ikke - formell opplæring på norske arbeidsplasser*. Sótt 29. janúar af, http://www.damvad.com/media/73679/damvad_rapport_endelig_revidert_version_210513_.pdf

Viðaukar

Viðauki 1 – Tillaga vinnuhóps

Vinnuhópurinn leggur til eftirfarandi uppbyggingu og orðalag á fyrstu fimm þrepum íslenska rammans:

	NQF 1 EQF 1	NQF 2 EQF 2	NQF 3 EQF 3	NQF 4 EQF 4	NQF 5 EQF 5
Þekking	Býr yfir almennri grunnþekkingu ¹³ sem nýtist í starfi.	Býr yfir almennri þekkingu ¹⁴ á sínu starfssviði.	Býr yfir þekkingu á staðreyndum, ferlum og hugtökum á sínu starfssviði.	Býr yfir sérhæfðri og hagnýtri þekkingu á sínu starfssviði.	Býr yfir faglegri þekkingu sem nýtist í sérhæfðu starfi.
Leikni	Framkvæmir einföld, vel skilgreind og kunnugleg verkefni.	Framkvæmir og heldur utan um afmörkuð venjubundin verkefni.	Notar þekkingu á staðreyndum, ferlum og hugmyndum til að ljúka og halda utan um sérhæfð verkefni.	Framkvæmir, forgangsraðar, skipuleggur og tryggir aðföng við krefjandi aðstæður.	Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi, greinir aðstæður og bregst við á uppbyggilegan hátt.
Hæfni	Vinnur undir beinni stjórn í stöðugu umhverfi.	Vinnur undir stjórn annarra en með nokkru sjálfstæði í afmörkuðum verkþáttum. Áttar sig á eigin ábyrgð í starfi og veit hvar henni sleppir.	Tekur ábyrgð á að ljúka verkefnum og vinnur sjálfstætt eftir áætlunum.	Vinnur sjálfstætt, veitir ráðgjöf og skipuleggur faglega vinnu sem þróast og tekur breytingum.	Vinnur sjálfstætt, stýrir, samhæfir og tekur ábyrgð á mati og þróun.

¹³ Almenn vísar til einhvers sem nær til allra, þess sem er algengt og sameiginlegt. Grunn vísar til undirstöðunnar (íslensk orðabók) Almenn grunnþekking er þá almennur grunnur sem allir þurfa að hafa.

¹⁴ Þrepið felur í sér þrepið á undan, almenn þekking er því meira en almenn grunnþekking, þ.e. vísar til þess sem nær til allra og þess sem er algengt og sameiginlegt en ekki bara til grunnsins.

Viðauki 2 – Samanburður á tillögu vinnuhóps og sjö þrepa hæfniramma mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Tillaga vinnuhóps í ljósgráu reitunum og þrepalýsing ráðuneytisins eins og hún birtist á vef ráðuneytisins í þeim ólituðu

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/haefnirammi/>

	NQF ? EQF 1	NQF ? EQF 2	NQF ? EQF 3	NQF ? EQF 4	NQF ? EQF 5
Þekking	Býr yfir almennri grunnþekkingu ¹⁵ sem nýtist í starfi.	Býr yfir almennri þekkingu ¹⁶ á sínu starfssviði.	Býr yfir þekkingu á staðreyndum, ferlum og hugtökum á sínu starfssviði.	Býr yfir sérhæfðri og hagnýtri þekkingu á sínu starfssviði.	Býr yfir faglegri þekkingu sem nýtist í sérhæfðu starfi.
		Hefur grunnþekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám og geti sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnu undir leiðsögn.	Hefur grunnþekkingu sem nýtist á starfsvettvangi.	Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara námi.	Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist í starfi, við starfsþróun, leiðsögn, stjórnun, og/eða til undirbúnings frekara námi.
Leikni	Framkvæmir einföld, vel skilgreind og kunnugleg verkefni.	Framkvæmir og heldur utan um afmörkuð venjubundin verkefni.	Notar þekkingu á staðreyndum, ferlum og hugmyndum til að ljúka og halda utan um sérhæfð verkefni.	Framkvæmir, forgangsraðar, skipuleggur og tryggir aðföng við krefjandi aðstæður.	Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi, greinir aðstæður og bregst við á uppbyggilegan hátt.
		Getur leyst viðfangsefni með því að vinna úr einföldum upplýsingum að úrlausnum.	Getur leyst fagleg viðfangsefni, beitt viðeigandi tækni og borið ábyrgð á afmörkuðum starfsþáttum.	Getur forgangsraðað og skipulagt eigin störf í krefjandi aðstæðum og sýnt fagmennsku í starfi.	Getur skipulagt vinnuferli, beitt viðeigandi tækni og þróað starfsaðferðir á ábyrgan hátt.
Hæfni	Vinnur undir beinni stjórn í stöðugu umhverfi. Vinnur undir stjórn annarra en með nokkru sjálfstæði í afmörkuðum verkþáttum.	Vinnur undir stjórn annarra en með nokkru sjálfstæði í afmörkuðum verkþáttum. Áttar sig á eigin ábyrgð í starfi og veit hvar henni sleppir.	Tekur ábyrgð á að ljúka verkefnum og vinnur sjálfstætt eftir áætlunum.	Vinnur sjálfstætt, veitir ráðgjöf og skipuleggur faglega vinnu sem þróast og tekur breytingum.	Vinnur sjálfstætt, stýrir, samhæfir og tekur ábyrgð á mati og þróun.
		Getur átt jákvæð og uppbyggileg samskipti, fært rök fyrir máli sínu, virt skoðanir annarra og verið virkur og ábyrgur borgari.	Getur miðlað upplýsingum um grunnatriði fags og verkefni á starfsvettvangi auk þess að geta útskýrt og rökstutt eigið verkferli.	Getur miðlað þekkingu sinni og leikni, rökstutt og ígrundað þær aðferðir sem hann nýtir auk þess að búa yfir ábyrgð gagnvart starfsumhverfi og hæfni til að leiðbeina öðrum.	Býr yfir hæfni til að vera virku og ábyrgur innan starfsvettvangs, getur leiðbeint og stjórnað öðrum í verkefnum og tekið ábyrgð á þróun í starfi og námi.

¹⁵ Almenn vísar til einhvers sem nær til allra, þess sem er algengt og sameiginlegt. Grunn vísar til undirstöðunnar (íslensk orðabók) Almenn grunnþekking er þá almennur grunnur sem allir þurfa að hafa.

¹⁶ Þrepið felur í sér þrepið á undan, almenn þekking er því meira en almenn grunnþekking, þ.e. vísar til þess sem nær til allra og þess sem er algengt og sameiginlegt en ekki bara til grunnsins.

Viðauki 3 – Hugmynd vinnuramma fyrir framhalds- og fullorðinsfræðslu með tengingu við almenna starfshæfni

	NQF ? EQF 1	NQF ? EQF 2	NQF ? EQF 3	NQF ? EQF 4	NQF ? EQF 5
Þekking	Býr yfir almennri grunnþekkingu ¹⁷ sem nýtist í starfi.	Býr yfir almennri þekkingu ¹⁸ á sínu starfssviði.	Býr yfir þekkingu á staðreyndum, ferlum og hugtökum á sínu starfssviði.	Býr yfir sérhæfðri og hagnýtri þekkingu á sínu starfssviði.	Býr yfir faglegri þekkingu sem nýtist í sérhæfðu starfi.
Leikni	Framkvæmir einföld, vel skilgreind og kunnugleg verkefni.	Framkvæmir og heldur utan um afmörkuð venjubundin verkefni.	Notar þekkingu á staðreyndum, ferlum og hugmyndum til að ljúka og halda utan um sérhæfð verkefni.	Framkvæmir, forgangsraðar, skipuleggur og tryggir aðföng við krefjandi aðstæður.	Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi, greinir aðstæður og bregst við á uppbyggilegan hátt.
Hæfni	Vinnur undir beinni stjórn í stöðugu umhverfi.	Vinnur undir stjórn annarra en með nokkru sjálfstæði í afmörkuðum verkþáttum. Áttar sig á eigin ábyrgð í starfi og veit hvar henni sleppir.	Tekur ábyrgð á að ljúka verkefnum og vinnur sjálfstætt eftir áætlunum.	Vinnur sjálfstætt, veitir ráðgjöf og skipuleggur faglega vinnu sem þróast og tekur breytingum.	Vinnur sjálfstætt, stýrir, samhæfir og tekur ábyrgð á mati og þróun.
Tenging við almenna starfshæfni					
Aðlögunarhæfni	Aðlagast breytingum með aðstoð.	Viðurkennir nauðsyn aðlögunar og breytinga.	Lagar sig að aðstæðum til að ná sem bestum árangri.	Aðlagast mjög fjölbreyttum þörfum til að ná sem bestum árangri í breytilegum aðstæðum.	Aðlagar, þróar og metur skipulag og áætlanir til að mæta nýjum kröfum.
Ábyrg nýting	Notar verðmæti ¹⁹ í samræmi við starfsreglur vinnustaðarins.	Notar verðmæti á hagkvæman hátt.	Fylgist með og tryggir hagkvæma notkun verðmæta.	Stýrir og metur notkun verðmæta.	Metur skilvirkni í notkun verðmæta.

¹⁷ Almenn vísar til einhvers sem nær til allra, þess sem er algengt og sameiginlegt. Grunn vísar til undirstöðunnar (íslensk orðabók) Almenn grunnþekking er þá almennur grunnur sem allir þurfa að hafa.

¹⁸ Þrepið felur í sér þrepið á undan, almenn þekking er því meira en almenn grunnþekking, þ.e. vísar til þess sem nær til allra og þess sem er algengt og sameiginlegt en ekki bara til grunnsins.

¹⁹ Með verðmætum er átt við : fólk, vörur, birgðir, peninga, þekkingu, tíma o.s.frv.

Mat og úrlausnir	Notar fyrirbyggjandi viðmið/ferla.	Vinnur úr fjölbreyttum upplýsingum.	Samþættir og túlkar víðtækar og flóknar upplýsingar.	Greinir og tekst á við margræðar upplýsingar.	Þróar aðferð sem beita má á flókin stefnumarkandi málefni.
Starfsþróun og færniefning	Tekur jákvætt í ábendingar um námstækifæri.	Nýtir námstækifæri í umhverfinu.	Leitar uppi námstækifæri og miðlar til annarra.	Skipuleggur og stýrir eigin símenntun/starfsþróun.	Útvíkkar eigin færni og tekur þátt í þróun starfsvettvangsins.
Söfnun og úrvinnsla upplýsinga	Tekur við, safnar og metur upplýsingar í samræmi við reglur.	Fylgir gildandi ferlum við öflun upplýsinga.	Aðlagar markvissa upplýsingaöflun að aðstæðum.	Vinnur úr flóknum upplýsingum á gagnrýnin og sjálfstæðan hátt.	Dregur ályktanir byggðar á mjög sérhæfðum og tækilegum atriðum.
Vinnusiðferði og gildi	Áttar sig á siðareglum, gildum og starfsreglum vinnustaðarins.	Sýnir í verki skilning á siðareglum, stefnum og gildum vinnustaðarins.	Hefur frumkvæði að því að greina siðferðileg álitamál.	Heldur á lofti siðareglum og gildum vinnustaðarins.	Mótar gildi og siðferðisreglur á vinnustað.
Jafnréttisvitund	Áttar sig á og viðurkennir margbreytni mannlífs ²⁰ og mismunandi sjónarmið einstaklinga.	Gerir sér grein fyrir margbreytni mannlífs og eigin fordómum.	Lagar eigin framkomu á vinnustað að viðurkenndum viðhorfum um jafnrétti og margbreytileika.	Skapar vinnuumhverfi sem hlúir að margbreytni og jafnrétti.	Þróar starfshætti, stefnu og verklagsreglur sem gera ráð fyrir margbreytni.
Öryggisvitund	Fer eftir reglum um öryggi og hollustu og bregst við augljósum hættum með aðstoð	Fer eftir reglum um öryggi og hollustu og leitast við að leiðrétta augljósar hættulegar/varhugaverðar aðstæður á vinnustað.	Kemur með tillögur sem stuðla að auknu öryggi og betri vinnuaðstæðum.	Stuðlar að aukinni öryggisvitund.	Innleiðir verklagsreglur um öryggi og hollustuhætti.
Árangursrík samskipti	Fylgir gildandi/viðurkenndum samskiptareglum og hlustar og svarar á viðeigandi hátt í daglegum samskiptum.	Hlustar og setur upplýsingar fram á skýran hátt með viðeigandi orðalagi.	Stuðlar að tjáskiptum við aðra.	Aðlagar tjáskipti að ólíkum viðmælendum (t.d. innihald og málfar).	Tekur þátt samskiptum um flókin málefni.

²⁰ Með fjölbreytni mannlífs er átt við t.d. aldur, kyn, búseta, fötlun, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning stétt, trúarbrögð, tungumál, ættirni eða þjóðerni.

Samvinna	Vinnur með öðrum.	Vinnur sem hluti af heild.	Hefur frumkvæði að því að aðstoða og virkja aðra.	Eflir samvinnu.	Þjálfar aðra/leysir ágreining.
Skipulag og áætlanir	Vinnur undir beinni stjórn samkvæmt skipulagi.	Skipuleggur eigin verk.	Skipuleggur verk hóps.	Skipuleggur og metur umfangsmikil verkefni.	Skipuleggur, þróar og miðlar margþættum og flóknum verkefnum.
Notkun upplýsingatækni	Notar upplýsingatækni í einföldum verkefnum í samræmi við fyrirmæli.	Notar upplýsingatækni á hagnýtan og viðeigandi hátt.	Notar upplýsingatækni til að vinna úr upplýsingum og notar þær við nýjar aðstæður.	Skilur og notar fjölþætta upplýsingatækni til að draga eigin ályktanir og leysa fjölbreytt verkefni.	Sýnir mikla þekkingu og getur notað hæfnina í nýjum/flóknum aðstæðum. Leiðbeinir öðrum sérfræðingum.

Grunnleikni

Læsi	Les orð og einfaldan texta.	Les samfelldan texta hratt og örugglega.	Hefur gott valda á lestri sem tæki til vinnu.	Les og skilur flókna vinnutengda texta.	
Ritun	Skrifar stuttan texta.	Gerir uppkast að texta, leiðréttir og vinnur áfram.	Setur upp skipulagðan texta og greinir að aðalatriði og aukaatriði.	Miðlar flóknum upplýsingum á skýran hátt t.d. með því að rita skýran og nákvæman texta.	Miðlar upplýsingum um flókin og mjög sérhæfð málefni.
Talnaleikni	Skilur einfaldar tölulegar upplýsingar og reiknar einföld dæmi.	Framkvæmir einfalda útreikninga fyrir tiltekin verkefni.	Notar og vinnur úr tölulegum upplýsingum.	Skilur og notar margþættar tölulegar upplýsingar til að draga eigin ályktanir og miðla í öðru samhengi.	

Viðauki 4 Lykilhæfnipættir og Almenn starfshæfni

HÆFNI – Þrep

Lykilhæfnipættir	Nemandi:	Námsmaður/starfsmaður:	Almenn starfshæfni
		Aðlagast breytingum með aðstoð.	<i>Aðlögunarhæfni</i>
		Notar verðmæti ²¹ í samræmi við starfsreglur vinnustaðarins.	<i>Ábyrg nýting</i>
		Notar fyrirbyggjandi viðmið/ferla.	<i>Mat og úrlausnir</i>
		Tekur jákvætt í ábendingar um námstækifæri.	<i>Starfsþróun og færniefning</i>
		Tekur við, safnar og metur upplýsingar í samræmi við reglur.	<i>Söfnun og úrvinnsla upplýsinga</i>
		Áttar sig á siðareglum, gildum og starfsreglum vinnustaðarins.	<i>Vinnusiðferði og gildi</i>
		Áttar sig á og viðurkennir margbreytni mannlífs ²² og mismunandi sjónarmið einstaklinga.	<i>Jafnréttisvitund</i>
		Fer eftir reglum um öryggi og hollustu og bregst við augljósum hættum með aðstoð	<i>Öryggisvitund</i>
		Fylgir gildandi/viðurkenndum samskiptareglum og hlustar og svarar á viðeigandi hátt í daglegum samskiptum.	<i>Árangursrík samskipti</i>
		Vinnur með öðrum.	<i>Samvinna</i>
		Vinnur undir beinni stjórn samkvæmt skipulagi.	<i>Skipulag og áætlanir</i>
		Notar upplýsingatækni í einföldum verkefnum í samræmi við fyrirmæli.	<i>Notkun upplýsingatækni</i>

²¹ Með verðmætum er átt við : fólk, vörur, birgðir, peninga, þekkingu, tíma o.s.frv.

²² Með fjölbreytni mannlífs er átt við t.d. aldur, kyn, búseta, fötlun, kynhneigð, lítarháttur, lífsskoðanir, menning stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni eða þjóðerni.

HÆFNI - Þrep 1

Lykilhæfnipættir	Nemandi:
Læsi, tjáning og samskipti á íslensku	Getur tjáð hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi.
Læsi, tjáning og samskipti á erlendu tungumáli	Getur tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum.
Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar	Hefur skýra sjálfsmynd og gerir sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt.
Lýðræði og mannréttindi	Getur átt jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við annað fólk.
Jafnrétti	Ber virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti.
Menntun til sjálfbærni	Ber virðingu fyrir náttúru og umhverfi í alþjóðlegu samhengi.
Heilbrigði	Tekur ábyrga afstöðu til eigin velferðar, líkamlegrar og andlegrar.
Námshæfni	Hefur tileinkað sér jákvætt viðhorf til náms.
Lýðræði og mannréttindi	Getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu nær- og fjärsamfélagi.
Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar	Getur tengt þekkingu sína og leikni við daglegt líf, tækni og vísindi.

HÆFNI – Þrep 2

Námsmaður/starfsmaður:	Almenn starfshæfni
Hlustar og setur upplýsingar fram á skýran hátt með viðeigandi orðalagi.	Árangursrík samskipti
Hlustar og setur upplýsingar fram á skýran hátt með viðeigandi orðalagi.	Árangursrík samskipti
Viðurkennir nauðsyn aðlögunar	Aðlögunarhæfni
Hlustar og setur upplýsingar fram á skýran hátt með viðeigandi orðalagi. Vinnur sem hluti af heild.	Árangursrík samskipti Samvinna
Gerir sér grein fyrir fjölbreytni mannlífs og eigin fordómum.	Jafnréttisvitund
Notar verðmæti á hagkvæman hátt.	Ábyrg nýting
Fer eftir reglum um öryggi og hollustu.	Öryggisvitund
Nýtir námstækifæri í umhverfinu.	Starfsþróun og færnefning
Sýnir í verki skilning á siðareglum, stefnum og gildum vinnustaðarins. Vinnur sem hluti af heild. Skipuleggur eigin verk	Vinnusiðferði og gildi Samvinna Skipulag og áætlanir
Vinnur úr fjölbreyttum upplýsingum og dregur fram ólíkar hliðar máls.	Mat og úrlausnir

HÆFNI - Þrep 2

Lykilhæfnipættir	Nemandi	Námsmaður/Starfsmaður	Almenn starfshæfni
Læsi, tjáning og samskipti á íslensku	Getur tjáð skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt.	Stuðlar að tjáskiptum við aðra Skipuleggur verk hóps	<i>Árangursrík samskipti Skipulag og áætlanir</i>
Læsi, tjáning og samskipti á erlendu tungumáli	Getur tjáð sig á einfaldan og skýran hátt á erlendum tungumálum.	Stuðlar að tjáskiptum við aðra	<i>Árangursrík samskipti</i>
Lýðræði og mannréttindi	Ber virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis.	Hefur frumkvæði að því að greina siðferðileg álitamál.	<i>Vinnusiðferði og gildi</i>
Lýðræði og mannréttindi	Býr yfir ábyrgð gagnvart starfi og starfsumhverfi.	Fylgist með og tryggir hagkvæma notkun verðmæta	<i>Ábyrg nýting</i>
Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar	Hefur skýra sjálfsmynd og gerir sér grein fyrir nýjum tækifærum í umhverfinu.	Leitar uppi námstækifæri. Lagar sig að aðstæðum til að ná sem bestum árangri.	<i>Starfsþróun og færniefning Aðlögunarhæfni</i>
Lýðræði og mannréttindi	Getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi og innan samfélags sérþekkingar og/eða starfsgreinar	Hefur frumkvæði að því að greina siðferðileg álitamál. Stuðlar að tjáskiptum við aðra. Lagar eigin framkomu á vinnustað að viðurkenndum viðhorfum um jafnrétti og fjölbreytileika.	<i>Vinnusiðferði og gildi Árangursrík samskipti Jafnréttisvitund</i>
Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar	Getur tengt þekkingu sína og leikni við starfsumhverfi og daglegt líf.	Samþættir og túlkar víðtækar og flóknar upplýsingar.	<i>Mat og úrlausnir</i>

HÆFNI - Prep 3

Hæfni – Prep 4			
Lykilhæfnipættir	Nemandi:	Námsmaður/Starfsmaður:	Almenn starfshæfni
Læsi, tjáning og samskipti á íslensku	Getur tjáð skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, gagnrýnninn og skýran hátt.	Aðlagar tjáskipti að ólíkum viðmælendum (t.d. innihald og málfar).	Árangursrík samskipti
Læsi, tjáning og samskipti á á erlendu tungumáli	Getur tjáð sig á erlendu tungumáli sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms.	Aðlagar tjáskipti að ólíkum viðmælendum (t.d. innihald og málfar).	Árangursrík samskipti
Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar	Býr yfir siðferðilegri ábyrgð í skapandi starfi.	Heldur á lofti siðareglum og gildum vinnustaðarins.	Vinnusiðferði og gildi
Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar	Býr yfir ábyrgð gagnvart starfsumhverfi og hagnýtingu almennrar þekkingar sinna.	Vinnur úr flóknum upplýsingum á gagnrýnin og sjálfstæðan hátt.	Söfnun og úrvinnsla upplýsinga
Menntun til sjálfbærni	Getur nýtt þekkingu sína til að greina ný tækifæri í umhverfinu.	Aðlagast mjög fjölbreyttum þörfum til að ná sem bestum árangri.	Aðlögunarhæfni
Námshæfni	Býr yfir hæfni til að geta tekist á við frekara nám.	Skipuleggur og stýrir eigin starfsþróun.	Starfsþróun og færniefning
Lýðræði og mannréttindi	Getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar.	Eflir samvinnu.	Samvinna
Námshæfni	Býr yfir hæfni til að meta eigið vinnuframlag.	Skipuleggur umfangsmikil verkefni.	Skipulag og áætlanir
Námshæfni	Sjái menntun sína í alþjóðlegu samhengi.	Skipuleggur og stýrir eigin starfsþróun.	Starfsþróun og færniefning
Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar	Getur tengt þekkingu sína og leikni við tækni og vísindi.	Greinir og tekst á við margræðar upplýsingar.	Mat og úrlausnir

HÆFNI - Þrep 4

Lykilhæfnipættir	Nemandi:
Læsi, tjáning og samskipti á íslensku og erlendu tungumáli	Getur tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á íslensku og erlendu tungumáli sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms.
Námshæfni	Getur tekið þátt í samræðum á grundvelli sérhæfðrar þekkingar og leikni á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.
Lýðræði og mannréttindi Menntun til sjálfbærni	Býr yfir siðferðislegri ábyrgð á hagnýtingu og þróun sérhæfðrar þekkingar sinnar gagnvart starfsumhverfi.
Lýðræði og mannréttindi	Býr yfir hæfni til að vera virkur og ábyrgur í samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar.
Námshæfni	Getur metið eigið vinnuframlag og annarra í tengslum við starfsumhverfi og/eða sérþekkingu á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt.
Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar	Getur tengt þekkingu sína og leikni við alþjóðlegt umhverfi.

HÆFNI – Þrep 5

Námsmaður/Starfsmaður:	Almenn starfshæfni
Tekur þátt í samskiptum um flókin málefni.	Árangursrík samskipti
Tekur þátt í samskiptum um flókin málefni.	Árangursrík samskipti
Mótar gildi og siðferðisreglur á vinnustað.	Vinnusiðferði og gildi
Útvíkkar eigin færni og tekur þátt í þróun starfsvettvangsins	Starfsþróun og færniefning
Þróar aðferðir sem beita má á flókin stefnumarkandi málefni.	Mat og úrlausnir
Aðlagar, þróar og metur skipulag og áætlanir til að mæta nýjum kröfum.	Aðlögunarhæfni

Íslenskur hæfniramma

- Tengsl við framhaldsfræðslu og starfsþróun

Samtal hagsmunaaðila

Vinnudagur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu

27. maí, 2014, kl. 10-15

Vinnuhópur: Eyrún Valsdóttir frá ASÍ, Halla Valgeirsdóttir frá FA, Hildur Betty Kristjánsdóttir frá Leikn/Kvasir, Hulda Anna Arnljótsdóttir frá BSRB, Katrín Friðriksdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, María Guðmundsdóttir frá SA og Þórdís Guðmundsdóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti

Fundargerð og niðurstöður hópavinnu

Hvernig getum við tengt íslenska hæfnirammann við framhaldsfræðslu og starfsþróun á vinnumarkaði

Vinnufundur þriðjudaginn 27. maí kl. 10.00 – 15.00 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu
Vinnufundinn sátu 7 fulltrúar í vinnuhópi verkefnisins ásamt 19 fulltrúum hagsmunaaðila.

Erindi

Guðfinna Harðardóttir setti fundinn og fór yfir markmið hans sem var að eiga samtal við hagsmunaaðila um þróun og framkvæmd íslensks hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu og atvinnulíf. Ætlunin var að auka umræðu og heyra ólík sjónarmið til að auðvelda aðlögun hæfnirammans að fræðslustarfi utan formlega skólakerfisins. Farið var yfir dagskrá fundarins og vinnulag sem byggðist að miklu leyti á hópavinnu og umræðum. Niðurstöðurnar munu nýtast til að fullgera tillögur að hæfniramma framhaldsfræðslu og atvinnulífs, sem vinnuhópurinn hefur unnið að í vetur. Fundarmenn voru hvattir til að láta skoðanir sínar í ljós og tjá sig af hreinskilni því álitaefnin eru mörg og verkefnið ekki reynst auðvelt, hvorki hérlandis né erlendis. Til þess að rifja upp hugmyndafræði rammans var sýnd stuttmynd um pólska hæfnirammann, sem nær mjög vel utan um hugmyndafræði hans á einfaldan og skýran máta.

Hana má nálgast hér:

<http://www.youtube.com/watch?v=KSQZi1IEpig>

Björg Pétursdóttir

Björg tók við og sagði frá stöðu og þróun hæfnirammans hér á landi og í Evrópu. Samanburður NQF við EQF²³ byggir á 10 viðmiðum eða mælikvörðum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fékk sér til aðstoðar Margret Cameron²⁴ sem var framkvæmdastjóri Scottish Credit and Qualifications Framework Partnership (starfar nú sjálfstætt), en einnig var unnið í nánu samstarfi við Norðurlöndin.

Vinnan við útfærslu og innleiðingu hefur seinkað mjög mikið hjá Evrópuþjóðunum. Ísland er frekar framarlega hvað varðar aðkomu óformlega kerfisins miðað við aðrar þjóðir. Aðeins Bretar og Írar eru búnir að tengja óformlega kerfið inn í rammann.

Mikilvægt að allir geri sér grein fyrir að ráðuneytið hefur ekki gefið út 7 þrepa ramma. Þrepum 1 – 4 er lýst miðað við framhaldsskólana og háskólinn hefur lýst þremur þrepum fyrir sitt nám. Háskólinn leggur mikla áherslu á að fjórða þrepinu verði skipt upp og gerð mjög afgerandi skil milli náms sem fer fram í framhaldsskólum annars vegar og háskólum hins vegar. Rannís sér um að leiða umræðuna við háskólann. Það var eindregin ósk fundarmanna að framhaldsfræðslan og atvinnulífið fái aðgang að þeirri vinnu/umræðu og fullyrti Björg að svo yrði.

²³ NQF og EQF er stytting á National /European Qualification Framework.

²⁴ Evrópusambandið setur þau skilyrði að erlendur ráðgjafi tengist verkefninu.

Gagnsæi er nauðsynlegt þegar nýtt nám er tengt hæfniramma. Ef hæfniröfur starfa eru teknar sem dæmi, hver á að setja þær fram? Eiga þær að vera fyrir störf eða starfssvið? Hæfniröfur starfa eru leiðarljós við skipulagningu náms. Hæfniramminn þarf að vera leiðbeinandi verkfæri, má ekki vera of þröngur.

Á samráðsvettvangi Norðurlandanna um hæfnirammann kom fram að fyrsta þrepið í íslenska hæfniramma sé almennur undirbúningur fyrir þátttöku í atvinnulífinu. Svíar telja að þrep 1 og 2 (væntanlega í sænska ramma) sé svo mikill grunnur að atvinnulífið hafi tæpast áhuga á þessum þrepum og velta má fyrir sér hvort þessu sé öðruvísi farið á Íslandi?

Mikil áhersla er á gæði til að byggja upp traust í notkun rammans. Björg sagði að þau mál væri ekki í nægjanlega góðum farvegi hér á landi. Sett hafa verið viðmið um hversu mikill hluti námsins þarf á vera á þrepi til að námið sem heild flokkist þar. En menntamálayfirvöld eru ekki með sterkt eftirlitskerfi, sem er galli.

Mikilvægt er að lögformlegur aðili staðfesti á hvaða þrepi tiltekið nám lendi. Nú er það hjá ráðuneytinu. Verið er að setja á fót nýja stjórnsýslustofnun (undirstofnun MMR), en Námsgagnastofnun og Námsmatsstofnun munu sameinast. Viðurkenningarferlið og gæðaeftirlit fer líklega þar undir, en það er enn allt óljóst. Þá þarf að stofna óháða nefnd/stofnun sem hægt er að senda til álitamál sem úrskurðar um á hvaða þrepi tiltekin námslok eru.

Árið 2015 eiga framhaldsskólarnir að hafa tekið hæfnirammann formlega í notkun og árið 2016 eiga fullorðinsfræðsluáðilar og háskólar að hafa innleitt rammann.

Ólafur Grétar Kristjánsson

Ólafur Grétar sagði frá tilkomu vinnuhóps um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu.

Breiður hópur fólks hér á landi hefur tekið þátt í þróun hæfniramma fyrir framhaldsskólann. Hugmyndin er sú að allt nám sé undir og hæfniramminn sé það verkfæri sem auðveldi allt námsmat og allir geti notað. Með hæfniviðmiðum er spurt hver eigi að vera ávinningurinn með náminu og hvaða hæfni öðlast viðkomandi? Ekki spurning hvar lærðir þú heldur hvaða hæfni hefur þú.

Heildstæður hæfniramma hefur ekki verið birtur opinberlega hér á landi. Eins og áður er getið hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið notið aðstoðar M. Cameron við útfærslu rammans, en hún benti á að við værum í raun komin með þetta en ættum eftir að útfæra nánar. Þá var ráðist í tengiskýrsluna og hún kynnt. Eftir kynningu á tengiskýrslu var Ísland hvatt til að koma aftur eftir 2-3 ár og segja frá þeirri vinnu sem þá hefur átt sér stað, sérstaklega gagnvart óformlega kerfinu og háskólanum.

Hér á landi sem og annars staðar er álitamál varðandi háskólastigið og framhaldsfræðsluna. Fyrst var unnið að námslokum í framhaldsskólum. Háskólarnir unnu sinn ramma án tengsla við aðra fræðsluáðila og því eftir er að tengja hann við heildarrammann.

Vinnuhópur um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu var settur saman í kjölfar vinnunnar við rammann fyrir framhaldsskólana, til að betrubæta hann. Ráðuneytið áttaði sig á því að þar á bæ höfðu menn ekki kunnáttu/þekkingu á því hvað mætti kalla námslok í framhaldsfræðslunni.

Flest löndin líta á þessa vinnu sem þróunarferli og viðvarandi viðfangsefni. Mikilvægt að hafa samráðshóp til að vinna að þessu til að sátt myndist og allir hafi eignarhald.

Halla Valgeirsdóttir

Halla Valgeirsdóttir sagði frá vinnu vinnuhópsins sem skipaður var haustið 2013 og hóf vinnu í nóvember. Ráðuneytið kallaði á fund fulltrúa þeirra hagsmunaaðila sem gerðu athugasemdir við 7 þrepa hæfniramma sem ráðuneytið birti á vef sínum á síðasta ári. Á þeim fundi var lagt til að stofnaður yrði vinnuhópur um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu. Í hópnum sitja fulltrúar ASÍ, Kvasis/Leiknar, SA, FA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hlutverk hópsins er að þróa almenn hæfniviðmið í framhaldsfræðslu, flokka þau á þrep og spegla þau inni hæfniramma um íslenskt menntakerfi. Hópurinn hefur hist reglulega og unnið að drögum að hæfniramma fyrir framhalds-/fullorðinsfræðslu og atvinnulífið. Fyrsta þrepinu hefur verið skipt í tvennt í drögunum til að endurspeglar þörf fyrir 8 þrepa ramma (sbr. athugasemdir sem bárust m.rn. um Hæfniramma um íslenskt menntakerfi).

Áhersla er á að búinn verði til einn einfaldur rammi fyrir Ísland en rætt hefur verið um að háskólinn, framhaldsskólinn og framhaldsfræðslan geti svo verið með sína vinnuramma. Innan framhaldsfræðslunnar er hugmyndin að slíkur rammi byggi á viðmiðum um almenna starfshæfni sem verið er að vinna að.

Næstu skref eru að tryggja aðkomu fleiri aðila innan framhalds-/fullorðinsfræðslunnar og úr atvinnulífinu. Tengja þau drög sem hafa verið unnin við Hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skilgreina námslok innan framhaldsfræðslunnar, en engin skilgreind námslok eru til innan kerfisins og setja þær námsskrár sem nú þegar eru til á þrep. Vinnuhópurinn hefur mikið stuðst við sambærilega vinnu annarra landa til að búa til hagnýtt tæki um hæfnirammann sem bæði nýtist fræðsluaðilum utan formlega skólakerfisins og endurspeglar stigvaxandi hæfni eftir þrepum.

Hópavinna

Þátttakendur unnu í hópum eftir ákveðnu verklagi að loknum kynningarerindum og hér fyrir neðan má sjá hópaskipanina og síðan helstu niðurstöður í stuttu máli:

Hópur 1 Halla Valgeirsdóttir - hópstjóri Þórdís Guðmundsdóttir - ritari Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir Klara E. Finnbogadóttir Guðríður Helgadóttir (kom ekki) Ólafur Jónsson Hreinn Hrafnkelsson (fór á hádegis)	Hópur 2 Hildur Betty Kristjánsdóttir - hópstjóri María Guðmundsdóttir - ritari Katrín Dóra Þorsteinsdóttir Guðrún Vala Elísdóttir Ásmundur Pálsson Ingibjörg E. Guðmundsdóttir Björg Pétursdóttir
Hópur 3 Hulda Anna Arnljótsdóttir - hópstjóri Katrín Friðriksdóttir - ritari Halldór Grönvold Anney Þórunn Þorvaldsdóttir Karl Rúnar Þórsson Íva Sigrún Björnsdóttir Berglind E. Ólafsdóttir	Hópur 4 Eyrún Valsdóttir - ritari Guðmunda Kristinsdóttir - hópstjóri Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir Alma Lís Jóhannsdóttir (kom ekki) Ólafur Grétar Kristjánsson Dóra Stefánsdóttir Haukur Harðarson

Fyrri umferð – Innri þættir

Eftirfarandi spurningar voru lagaðar til grundvallar í fyrri umferð umræðnanna:

- Hvaða tilgangur er með hæfnirammnum?
- Hvernig getum við haft gagn af svona hæfniramma?
- Hvernig á uppbygging hans að vera, t.d. fjöldi þrepa?

Í umræðum hópanna kom fram að mikilvægt væri að hæfniramminn væri gegnsær og veitti skýra leiðsögn. Ramminn verður að draga fram alla hæfni og menntun þannig verður staða námsmanna skýrari og aukið jafnræði verður á milli fólks. Í öllum hópnum nema einum voru allir þátttakendur sammála um nauðsyn þess að íslenski hæfniramminn væri 8 þrep, þar sem það myndi m.a. ná betur yfir fjölbreytileika menntakerfisins og auðvelda samanburð á milli landa/kerfa. Ramminn á ekki að vera skólastigsrammi, þ.e. það á að vera einn hæfnirammi fyrir allt menntakerfið, það á ekki að skipta máli hvar námið fer fram/hvar hæfninnar er aflað. Hjá hópnum var lögð áhersla á að orðalag væri skýrt og þjálmt.

Punktur frá kynningu hópanna.

- Gegnsæi hæfnirammans nauðsynlegt
- Einn samræmdur hæfnirammi fyrir nám og störf
- Nálgun háskólans gamaldags
- Skýra leiðsögn um notkun rammans
- Samtal við hagsmunaaðila til að auka nytsemi og tryggja að ramminn sé eign allra
- 8 þrepa rammi – auðveldar t.d. samanburð á milli landa sbr. EQF
- Hvert þrep væri ekki tvískipt sbr. tillögur núna um 1. þrep og 4. þrep
- Ramminn þarf að vera skýrt fram settur og skiljanlegur
- Ramminn má ekki vera of fræðilegur eða flókinn
- Hæfnirammi ekki skólastigsrammi => einn hæfnirammi – skiptir ekki máli hvar námið fer fram/hvar hæfninnar er aflað, svo framarlega sem hæfniviðmiðum sé náð
- Heilstæður og sameiginlegur hæfnirammi með skýrum viðmiðum
- Tungutak verður að vera þjálmt – orðræðan skýr, sama hugtakanotkun
- Verður að draga fram alla hæfni og menntun og þar með verður staða nemenda og mögulegar starfsþróunarleiðir skýrari
- Ramminn getur stuðlað að meiri jöfnuði
- Skilgreina kröfur innan rammans – nýtist atvinnulífi
- Auka möguleika á mati á hæfni s.s. raunfærnimat
- Auka vægi starfsmenntunar
- Eykur hvata til náms/hæfniefningar með sýnileika og gagnsæi
- Er notaður til að tengja saman niðurstöður og leiðir.
- Mikilvægt að læra af öðrum þjóðum – getum líka miðlað
- Aukin stofnanavæðing rammans. Mun ramminn ná yfir örar breytingar á störfum og í atvinnulífi?
- Eftir að leysa skilgreiningu um námslok á þrepum. Qualification erfitt orð á íslensku

Seinni umferð – Ytri þættir

Eftirfarandi spurningar voru lagðar til grundvallar í seinni umferð umræðanna

- Hvernig nýtist ramminn fyrir framhalds-/fullorðinsfræðsluna?
- Hvernig nýtist ramminn fyrir atvinnulífið?
- Hvernig nýtist ramminn til að þróa leiðir sem hvetja til náms?
- Hvernig er best að kynna rammann?
- Hvernig byggjum við upp traust gagnvart rammnum og tryggjum notkun hans?

Í umræðum hópanna kom fram að hæfniramminn þarf að vera þannig að hann tali við öll kerfin og sé brú á milli þeirra. Í rammnum geta falist tækifæri fyrir atvinnulífið og hann getur rofið múra og hindranir. Hann mun auðvelda mat á hæfniröfum en traust á rammnum og því sem honum tengist verður að vera til staðar. Mikilvægt að kynna og markaðssetja rammann vel því það er lítið gagn af slíkum ramma ef notkun er ekki almenn og ef ekki ríkir traust um hann. Þessu fylgir jafnframt að skýra þarf hvar ábyrgð á rammnum liggur.

Punktar frá kynningu hópanna:

- Tækifæri fyrir atvinnulíf
- Rjúfa múra og hindranir
- Tali við öll kerfin – byggja brýr milli kerfa – eykur skýrleika milli kerfa sem kemur öllum til góða
- Opna fyrir nýjar leiðir
- Uppstokkun á VET
- Forðast tæknimál og stofnanalegt orðfæri
- Gæðamálin undirstaða – sameiginleg milli landa.
- Gæði – tengingar við þrep – byggt inni þetta á „réttum“ þrepum.
- Traust varðandi staðfestingar – skýr og samræmd vottun þarf að vera fyrir hendi
- Ramminn mun auðvelda mat á hæfniröfum
- Mikilvægt að atvinnulífið noti rammann m.t.t. launa og starfsþróunar
- Námsframboð svari þörfum atvinnulífsins og þróun á vinnumarkaði
- Tenging við raunfærnimat
- Möguleiki á mismunandi samsetningu náms
- Ferlið – hvernig námið verður til – greiningarvinna verður að vera fyrir hendi – hvar á að byrja – ramminn gerir það auðveldara að búa til nýjar námsskrár
- Tryggja notkun – verður hún tryggð með lagasetningu - notkunin væri frekar tryggð með samtali milli hagsmunaaðila – hagsmunaaðilar þurfa að koma að vinnunni – hvernig meta á námið?
- Hvaða nám ætti að fá vægi í rammnum – eru ákveðnir hópar sem ætti að byrja á?
- Hæfniramminn virðist draga fram veikleika kerfisins eins og það er í dag – kannski stökkpallur sem gott er að nota við vinnuna.
- Markaðssetning – lítið gagn að þessu ef enginn vill nota þetta – þurfum að tryggja traust – sátt milli menntayfirvalda, atvinnulífs og fræðsluaðila – allir þurfa líka að samræma ábyrgðina – hver á að bera ábyrgð á rammnum – fylgja almennum leiðum við kynningar – nýta pólska vídeóið – vefsíða sem hagsmunaaðilar myndu tengjast.

Hulda Anna Arnljótsdóttir: Samantekt

- Eitt menntakerfi og einn ramma
- Vinnutæki og jafnréttistæki
- Álitamál – þrepin, hversu mörg eiga þau að vera 7 eða 8
- Kerfið má ekki vera of flókið – verðum að koma saman sem ein heild
- Stefnum að sameiginlegri sýn – sameiginleg hugtakanotkun
- Margar gildir að varast – hugsun þarf að breytast. Ramminn byggir á nýrri hugsun
- Tengja rammann við lög og regluverk og stefnur
- Kynna okkur – heyra um menntastefnur og vinnu í ráðuneytinu
- Aðrar þjóðir – hverjar eru þeirra raddir, hvernig hefur innleiðing rammans gengið með atvinnulífinu?
- Tilgangur rammans og nytsemi fyrir einstakling, framhaldsfræðslu, fyrirtæki og stofnanir, ríkið og sveitarfélög
- Skýrleiki skiptir miklu máli
- Möguleikar á að setja saman sitt nám við hæfi – stígandi menntun, stigvaxandi hæfni
- Fjölbreytt námsval og sett saman á einstaklingsbundinn hátt
- Framhaldsfræðslan þarf að vera markvisst sett fram – býður uppá mikla möguleika
- Má ekki stofnanavæða þetta of mikið – megum ekki láta rammann taka völdin
- Hvaða áhrif hefur aukin stofnanavæðing á minni fræðsluaðila?
- Ávinningur fyrir fyrirtæki og stofnanir að efla þekkingarþróun/starfsþróunarleiðir með notkun rammans og vottun á hæfni
- Skýr rammi getur auðveldað ráðningar og jafnvel mælingar
- Ramminn er tækifæri til að þróa „öðruvísi“ samtal milli skóla og atvinnulífs og getur þannig verið breytingavaki
- Ávinningur fyrir samfélagið s.s.– 2020 – stefna og skýrleiki
- Meginhugmyndafræðin: – gagnsæi – skýrt yfirlit – einfalt menntakerfi – viljum losna við frumskóginn í framhaldsfræðslu, fá skýrara yfirlit yfir framboð og hvernig námsferill getur litið út Allt nám á að telja í stigvaxandi hæfniuppbyggingu
- Gæðakröfur – passa að ramminn/gæðamálin taki ekki yfir og verði hindrun – fjölbreytni verður að ráða ríkjum – megum ekki stofnanavæða þetta um of – geirneglum ekki kerfið Ramminn er til að auðvelda samanburð – tryggja að vottunin nýtist – aðgengi að raunfærnimati og upplýsingum – Ísland er smátt og við eigum að nýta það.
- Gæði – ramminn er vinnutæki – vottun á mati – hreyfanleiki – viðbót – ekki skylda – traust vinnubrögð og traust mat – gæðamatið má ekki taka yfir þjónustuna – hvernig ætlum við að koma óhefðbundnum tómstundanámskeiðum inní rammann? – markaðssetning – eignarhald - gæði og traust. – námshvatar, hvernig eru þeir notaðir – kjarasamningar
- Hvernig búum við til samstarfsvettvang allra hlutaðeigandi til að þróa kerfið?
- Hvernig verður innleiðingu hæfnirammans háttað?

Fundi slitið kl. 15:00

Viðauki 6 - Tilraunaverkefni SAF og SGS vegna náms í ferðapjónustu
Hluti af niðurstöðum starfshóps vegna námshönnunar. 8. febrúar 2013

Mismunandi námslok - Námslok geta verið með þrennum hætti:

a) Hagnýtur undirbúningur fyrir starf


Skilgreind verða námstilboð sem saman byggja upp þá færni sem þarf til starfs samkvæmt undanfandi færnigreiningu.

Námið fellur undir efnishlutana: fagleg færni og persónuleg færni. Minnsta mögulega námstilboð er 2 feiningar eða 40 klukkustunda vinnuframlag násmanns. Hámark 30 feiningar. Námið getur farið fram hjá viðurkenndum fræðsluaðila og/eða á vinnustað eftir aðstæðum.

Nám sem tekið er í þessum tilgangi nýtist násmanninum til annarra námsloka innan framhaldsfræðslunnar og getur einnig verið metið inn í framhaldsskóla eftir atvikum. Alltaf er jafnframt möguleiki á raunfærnimati gagnvart viðmiðum starfsins.

b) Starfstengd námslok á 2. þrepi – fyrir styrkari stöðu á vinnumarkaði

Námsmaður sem lýkur við 45 feiningar, þ.e. skilgreint nám í faglegri færní (14-16 feiningar), persónulegri færní (14-16 feiningar) og samþættingu/lokaverkefni (14-16 feiningar) fær hæfisvottun sem getur styrkt stöðu hans á vinnumarkaði og möguleika á frekara námi innan framhaldsfræðslunnar. Innihald og samsetning er samkvæmt færnigreiningu og býr násmann undir störf á gisti- og veitingahúsum (og jafnvel á öðrum sviðum ferðapjónustu) sem krefjast færní á 2. þrepi. Námsmaður getur valið sér sérhæfingu innan tiltekins starfssviðs en gera má ráð fyrir að í framkvæmd bjóði fræðsluaðilar upp á eina meginlínu. „Samþætting“ bíður upp á möguleika til að dýpka sig í þeim verkþáttum sem násmanninum eru hugleiknir.



Mynd 5: Nám til námsloka á 2. þrepi, án bóklegra greina.

Hagnýt námstilboð (sjá lið a) geta komið til styttingar á námi svo og raunfærnimat. Stefnt skal að sveigjanleika og fjölbreytni í samsetningu þessara námsloka, greininni og einstaklingnum til góða. Þó er fjölbreytnin alltaf takmörkum háð af hagkvæmnisástæðum. Æskilegt er að skilgreindur verði sveigjanlegur en skýr rammi um hvaða/hvernig samsetning náms uppfyllir kröfur um námslok þannig að fræðsluaðilar og vinnustaðir gætu raðað saman námstilboðum til að uppfylla umfangið og innihaldið. Sá aðili sem gefur út hæfisvottun (FA eða fræðsluaðili) hefur jafnframt það hlutverk að meta hvort mismunandi samsetningar uppfylla skilyrði um námslok. Námið og hæfisvottunina þarf að kynna í atvinnulífinu en handahafi þess er með öflugan grunn til starfa á sínu sviði.

c) Námslok á 2. þrepi – til undirbúnings frekara námi í framhaldsskóla

Sá námsmaður sem lýkur skilgreindu námi til námsloka á 2. þrepi eins og lýst er hér að ofan (liður b) og lýkur þar að auki við 14-16 feininga almennan kjarna, hefur öðlast rétt til náms í Menntaskólanum í Kópavogi á völdum námsleiðum til jafns við aðra umsækjendur (sjá síðar).

Gert er ráð fyrir að samvinna FA og/eða fræðsluaðila og framhaldsskóla komi til þannig að fyrirfram sé ljóst hvaða leiðir standi opnar til frekara náms. Í einhverjum tilvikum gæti leiðin legið beint í frumgreinadeildir háskólanna, allt eftir stöðu násmanns.